

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Háaleiti og Bústaðahverfi](#); skipulag@veitur.is
Subject: Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11 - Bjarkarás - auglýsing
Date: föstudagur, 13. september 2024 09:53:29
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að nýju deiliskipulagi vegna Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11 - Bjarkarás, birtist í Morgunblaðinu í gær, fimmtudaginn 12. september sl. Tillagan er í kynningu frá 12. september 2024 til og með 24. október 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð:

<https://www.skipulagsgatt.is/issues/2024/1099>

Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11 – Bjarkarás

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. ágúst 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. ágúst 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðar Bjarkarás að Stjörnugróf 9. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er færður til, stækkaður og hafður rúmur. Bætt er við byggingarheimildum fyrir kaffihúsi og pökkunaraðstöðu í tengslum við gróðurhúsið. Aðkoma verður að kaffi- og gróðurhúsi um innkeyrslu norðan megin hússins en einnig verður aðgengi fyrir gangandi og hjólandi að austanverðu um göngu- og hjólastíg. Staðsetning bílastæða við byggingarreitinn er leiðbeinandi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 12. september 2024 til og með 24. október 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgattina eigi síðar en 24. október 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju,
Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.